

Orðaspjall

Orðskýringar

Að snara: fara hratt. Getur líka verið að fanga eða veiða með slöngvivað, lyfta ákveðinni þyngd og þýða eitthvað.

Angi: gæluorð yfir barn. Getur líka verið mjór plöntuhluti og dálítill hluti af einhverju.

Brögðum: að beita brögðum er að koma með klækjafullt ráð eða aðferð.

Drengnokki/stráknokki: ungur drengur.

Erindi: málaleitan, tilmæli sem eru skrifleg eða munnleg eða málarekstur (eiga erindi, gera sér erindi). Getur líka verið einstök vísa í kvæði og stutt ræða eða greinagerð um tiltekið málefni.

Fær: flinkur í einhverju eða í að gera eitthvað. Getur líka verið vegur eða leið sem hægt er að fara um.

Hálfboginn: með bakið beygt til hálf. Nær ekki að standa uppréttur að fullu.

Ímyndað: búa sér til í huganum eða beita ímyndunaraflinu. Getur líka verið að hugsa sér eða láta sér detta í hug.

Kvongaður: giftur konu eða kvæntur.

Líknarbelgur: innri belgur fósturfylgju. Getur líka verið loftpúði sem er í bíl og blæs út við árekstur.

Óvildarmann: óvinur eða fjandmaður.

Púkinn: lítill djöfull sem er yfirleitt með horn og hala. Getur breytt um form.

Rjáfri: efsti hluti þaks að innanverðu.

Sendingar: draugur, púki eða önnur yfirnáttúruleg vera sem er send á annan mann.

Smánarra: gabba einhvern eða beita einhverjum brögðum.

Stútinn: mjór háls og op á flösku eða öðru íláti. Líka vör á könnu.

Talsvert: allmikið eða þónokkuð.

Þrífur: taka eitthvað snöggt eða að hrifsa eitthvað. Getur líka verið að þrífa eða að gera eitthvað hreint.

Samheiti og andheiti

Orð	Samheiti	Andheiti
Drengnokki	Stráknokki, drengstúfur	
Fær	Flinkur	Ófær
Hálfboginn		Uppréttur
Ímyndað		Raunsæi
Kvongaður	Giftur	Ókvongaður, ógiftur
Púkinn	Skufsi	Engill